



Alþingi  
Erindi nr. Þ 132/646  
komudagur 16.1.2006

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Kópavogi 12.01.2006.

Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum er varðar réttarstöðu samkynhneigðra. Þskj. 374 -340. mál.

Réttarstöðu allra manna þarf að tryggja hvar í flokki sem þeir standa. Kynhneigð á ekki að vera áhrifavaldur í því efni.

Frumvarp það sem liggur fyrir þinginu gerir meira en að jafna réttarstöðu, það býr til forrættindi til handa samkynhneigðum og vegur að grunnildum sem höfð hafa verið í heiðri um aldur og ekki að ófyrirsynju.

Það eru aðallega tvær greinar frumvarpsins sem ég gagnrýni, en þó má benda á að rík þörf er á að tryggja enn frekar réttarstöðu hjóna og verja þann hornstein með ráðum og dáð sem hjónabandið er. Hjónaband er samkvæmt Orðabók Menningarsjóðs “lögformlegt samband karls og konu.”

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um ættleiðingu í þá veru að samkynhneigðum sé veittur sami réttur og öðrum til frumættleiðinga.

Í skýrslu um réttarstöðu samkynhneigðara sem unnin var fyrir forsætisráðherra, og er grundvöllur frumvarpsins, kemur í ljós að deildar meiningar eru um þetta atriði og fagfólk hefur í frammi efasemdir um ágæti þessa.

Taka verður undir þær efasemdir og spyrja hvort ekki sé með frumvarpinu verið að gera félagslegar tilraunir með börn? Einnig verður að spyrja hvort ekki sé verið að ganga á rétt barnanna til að heimila fólki sem ekki getur með náttúrulegum hætti fætt af sér börn að ala upp börn? Væntanlega er réttur barns til farsældar og hagsældar ríkari en réttur samkynhneigðara til að ala upp börn.

Börn sem alast upp hjá samkynhneigðum eru sett í verulega áhættu.

1. Slík börn eiga það á hættu að alast upp við óvissu um kynhlutverk sitt.
2. Þau eru hneigðari til fjöllyndis.
3. Þau eru í meiri hættu að missa foreldri (alnæmi, lyfjaneysla, sjálfsvíg). Ævilíkur samkynhneigðra karla eru aðeins um fjórutíu ár.
4. Þau eiga frekar á hættu að glíma við þunglyndi og önnur geðræn vandamál.
5. Hærra hlutfall barna sem alin eru upp með slíkum hætti verða samkynhneigð.
6. Samband samkynhneigðra er ekki eins varanlegt og gagnkynhneigðra, sérstaklega hvað homma áhrærir og meðal sambúðartími þeirra er um þrjú ár.

7. Fjöllindi er nánast lífstíll homma og hefur það neikvæð áhrif á uppeldi barna.

Það verður að teljast afar varhugavert að fara fram með þetta frumvarp hafandi ekki faglegar forsendur.

Ákvæðið um tæknifrjógungun verður að teljast gagnrýnivert. Samkvæmt frumvarpinu er tæknifrjógungun heimiluð með sæði frá sæðisgjafa sem nýtur nafnleyndar, en það gengur í berhögg við lög, sem vemma þann helga rétt hvers einstaklings að þekkja föður sinn og móður.

Upphaf barnalaga frá 2003 er svona:

**“I. kafli. Móðerni og faðerni barns.**

■ **1. gr. Réttur barns til að þekkja foreldra sína.**

Barn á rétt á að þekkja báða foreldra sína. Móður er skylt að feðra barn sitt þegar feðrunarreglur 2. gr. eiga ekki við.”

Grein frumvarpsins um breytingu á lögum um tæknifrjógungun hlýtur að vera brot á Barnalögnum frá 2003.

Læknisfræðilegt inngrip í getnað vegna kynferðisleg afbrigðileika þeirra er vilja þungun, en hafna náttúrulegum leiðum, hlýtur að vera vegur sem endar í vegleysu. Hér er verið að deila út forréttindum sem væntanlega er ekki markmið löggjafans.

Ég er þeirra skoðunar að frumvarp þetta sé vanreifað og það verði að hyggja betur að þeim þáttum frumvarpsins sem lítur að börnum. Það er ekki hægt að samþykkja að gengið sé á rétt barna til að eiga föður og móður í því skini að fullnægt sé ímynduðum misrétti gagnvart samkynhneigðum. Barn á ávallt og undantekningalaust föður og móður. Annað samhengi kallar á vanda.

Ég tel að endurskoða beri greinarnar um ættleiðingar og tæknifrjógungun með hag barnsins í huga.

Með tinssemi og virðingu,

  
Gunnar Þorsteinsson.

E.S. Ég byggi afstöðu mína að mestu á bandarískum rannsóknum sem flestar er að finna á heimasíðunni [www.exodus.com](http://www.exodus.com).